

Jólin og innflytjendur

Nú eru jólin á næsta leiti og undanfarið, í allri umræðunni um innflytjendur, hefur mér oft verið hugsað til þess, hvernig þeir innflytjendur sem koma til Íslands halda upp á jólin og hvað þeim finnst um hátt Íslendinga að halda upp á fæðingu Krists. Ég man eftir fyrir mörgum árum að hafa lesið um pólska jólasíði. Að þar í landi undirbyggju menn jólin með því að baka *ákveðnar kökur* og að kaupa fisk í jólamatinn. Fiskurinn var geymdur í baðkarinu – ef það var til staðar – annars í bala og honum haldið lifandi fram á síðasta dag. Börnin klipptu út skreytingar og skreyttu heimilið og fyrir utan fiskinn í jólamatinn var kirkjuferðin hápunktur hátíðarinnar.

Ef ég hugsa til jóla æsku minnar voru þau líka einföld. Snemma í desember var farið að lesa úr 'Peters Jul' fyrir okkur krakkana:

Jeg glæder mig i denne tid

Så falder julesneen hvid

Så ved jeg julen kommer.

Og auðvitað var alltaf snjór á jölunum þá! Og það voru bakaðar smákökur, húsið skreytt og ný jólaföt. Á aðfangadag máttum við krakkarnir svo ekki koma inn í stofu, því þar voru pabbi og mamma að skreyta jólatréið með lifandi kertum og jólaskrauti, oftast heimatilbúnu sem við höfðum dundað við, meira og minna allan mánuðinn, að búa til. Auðvitað voru gjafir. Það er víst eldri síður en jólin að gefa gjafir á þessum tíma á Íslandi. En gjafirnar voru ekki aðalatriðið og ég er viss um, að þær voru innan skynsamlegra marka.

Fyrir stuttu, eða nánar tiltekið, mánudaginn 27. nóvember var grein í Morgunblaðinu, Fyrirgefast vorar jólaskuldir? þar sem Unnur H. Jóhannsdóttir rifjar upp sín æskujól og setur í samband við notkun kreditkorta og lán sem fólk tekur til þess að geta haldið upp á jólin. Og ég verð að viðurkenna, að ég er sömu sökinni seld og flestir aðrir Íslendingar, að tryllast svolítið í desembermánuði. Ég fylgi straumnum, en mér finnst það ekki gott.

Þessi umrædda grein vakt hjá mér spurningu sem stundum áður hefur skotið upp kollinum:

- Hvert erum við eiginlega komin? Og höldum við áfram enn lengra í að jólin séu bara kaupajól og að allt annað – vinátta, kærleikur, að gleðja aðra – gleymist?

Kirsten Friðriksdóttir: Orð til umhugsunar á jólafundi 5. desember 2007